

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 1/2018
Kæra Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.
á ákvörðun Orkustofnunar

Þann 20. febrúar 2019 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð vegna kæru Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf., dags. 27. febrúar 2018, á ákvörðun Orkustofnunar, dags. 13. febrúar 2018. Málið hefur fengið númerið 1/2018.

I. Kæruefni og kröfur

Í máli þessu kærir Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. (kærandi), ákvörðun Orkustofnunar frá 13. febrúar 2018, að hafna kröfu kæranda um að hnekkja gjaldskrá RARIK ohf., þar sem kyndistöð kæranda á lóðinni Ekkjufellssel 3 á iðnaðar- og athafnasvæði við Fellabæ er felld undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK.

Þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að staðfest verði að RARIK sé óheimilt að fella iðnaðar- og athafnasvæðið við Fellabæ og kyndistöð kæranda undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK.

Til vara er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og úrskurðarnefndin feli Orkustofnun að taka málið til afgreiðslu á nýjan leik.

II. Málsatvik

Þann 4. október 2017 barst Orkustofnun erindi kæranda. Óskaði kærandi eftir því við Orkustofnun að hún tæki til skoðunar forsendur þess að RARIK væri heimilt að fella skipulagt atvinnu- og iðnaðarsvæði við Fellabæ, þar sem húseign kæranda stendur, undir dreifbýlisgjaldskrá. Um er að ræða svæði við kyndistöð HEF á lóðinni Ekkjufellssel 3, Egilsstöðum, en kærandi rekur dælustöð á lóð á blönduðu iðnaðar- og athafnasvæði við Fellabæ sem er á dreifiveitusvæði RARIK.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að Orkustofnun hafi áður fjallað um lögmæti þess að iðnaðarsvæðið við Fellabæ væri skilgreint sem dreifbýlisgjaldskrársvæði skv. raforkulögum nr. 65/2003, en það mál varðaði kvörtun Fljótsdalshéraðs. Í niðurstöðu þess máls var vísað til 6.-8. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, og þess að þar komi fram tæmandi talning á því hvaða svæði geti talist dreifbýlissvæði. Því hafi Orkustofnun talið að ekki væri heimilt að líta til annarra þátta við mat á því hvort heimila eigi dreifiveitu að hafa dreifbýlisgjaldskrá. Kærandi hafi ekki lagt fram nýjar málsástæður eða rök sem séu til þess fallin að breyta afstöðu Orkustofnunar í framangreindu máli Fljótsdalshéraðs og sé niðurstaða Orkustofnunar í hinni kærðu ákvörðun varðandi umrætt gjaldskrársvæði því óbreytt.

III. Málsástæður og rök kæranda

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að staðfest verði að RARIK sé óheimilt að fella kyndistöð á iðnaðar- og athafnasvæðið við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá. Til vara að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og úrskurðarnefndin feli Orkustofnun að taka málið til afgreiðslu á nýjan leik.

Í máli kæranda kemur fram að lóðin Ekkjufellssel HEF 3, sé innan skipulagðs iðnaðarsvæðis við Fellabæ. Hún falli undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK í samræmi við mörk hennar sem komi fram á loftmynd. Iðnaðarsvæði við Fellabæ sé hluti af þéttbýli við Fellabæ samkvæmt aðalskipulagi og samliggjandi við iðnaðarsvæði sem liggur í jaðri íbúabyggðar. Á svæðinu fari fram atvinnu- og iðnaðarstarfsemi sem skipulagslegar forsendur mæli með að liggi sem fjærst íbúabyggð, auk þess sem nálægð við hitaveituborholur HEF sé æskileg. Margvísleg starfsemi sé á svæðinu s.s. fiskþurrkun, steypueiningarverksmiðja, gróðarstöð, atvinnu- og geymsluhúsnæði, dælustöð og malar- og grjótvinnsla. Unnið hafi verið deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið Selhöfða, deiliskipulag fyrir Valgerðarstaði auk þess sem hluti starfandi fyrirtækja sé á iðnaðarlóðum. Að fella svæðið undir dreifbýlisgjaldskrá standi svæðinu fyrir þrifum og þar af leiðandi möguleikum kæranda til sölu á heitu vatni á svæði næst hitaveituborholum hans. Kærandi dragi í efa að lagaskilyrði séu til staðar til að fella iðnaðarsvæðið undir dreifbýlisgjaldskrá.

Lagaheimild til setningar dreifbýlisgjaldskrár sé að finna í 17. gr. a raforkulaga. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi að lögunum komi fram að heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár sé undantekningarregla frá þeirri reglu að sama gjaldskrá gildi á öllu svæði dreifiveitu. Dreifiveita þurfi að sýna fram á að skilyrði séu uppfyllt fyrir slíkri gjaldskrá. Ákvæðið feli t.a.m. ekki í sér að allt dreifbýli verði felld undir dreifbýlisgjaldskrá. Þannig þurfi kostnaður að vera verulegur umfram kostnað í þéttbýli. Augljóst sé að bera þurfi saman dreifingarkostnað með tilliti til raforkunotkunar. Á iðnaðarsvæðinu við Fellabæ séu nokkrir raforkunotendur sem noti mikla

orku úr sömu spennistöð og kærandi. Dreifingarkostnaður á svæðinu sé því án efa lægri en í mörgum hverfum annars staðar í skipulögðu þéttbýli. Íbúafjöldi hafi ekki þýðingu þegar komi að iðnaðarsvæðum. Ákvæði reglugerðar um framkvæmd raforkulaga verði að gagnrýna að því marki að lögskýringargögn geri ráð fyrir að dreifingarkostnaður þurfi að vera verulegar umfram kostnað svo hún geti átt við, en reglugerðin láti nægja að hann sé hærri.

Sé litið til minnisblaðs dags. 14. febrúar 2012 um endurskilgreiningar Hagstofu Íslands á þéttbýlissstöðum og byggðarkjörnum sé ljóst að iðnaðarsvæði sem sé hluti af þéttbýli Fellabæjar falli undir skilgreiningu Hagstofu Íslands á þéttbýli og geti því ekki talist vera strjálbýli.

Kærandi vísar til þess að heimild til dreifbýlisgjaldskrár sé undantekningarregla, sbr. 17. gr. a raforkulaga. Undantekningar beri að skýra þröngt samkvæmt viðteknum lögskýringaraðferðum. Engin skilgreining á dreifbýli sé í raforkulögum og því verði að líta til annarra laga. Þéttbýli sé skilgreint í skipulagslögum nr. 123/2010 og þéttbýli geti verið afmarkað með aðalskipulagi. Svæði innan þéttbýlis geti ekki talist hluti dreifbýlis. Þá sé í 17. gr. a raforkulaga beinlínis gert ráð fyrir að líta skuli til landnotkunar samkvæmt skipulagsákvörðunum. Skýra þurfi undantekningarreglu um dreifbýlisgjaldskrá með tilliti til staðfesta skipulagsáætla og ákvæða skipulagslaga. RARIK hafi ekki lagt fram skipulagsáætlanir vegna iðnaðarsvæðisins í Fellabæ þegar gjaldskráin hafi verið staðfest og ákvörðun Orkustofnunar um staðfestingu hennar hafi ekki byggt á gögnum sem skylt hafi verið að leggja fram.

Þá kemur fram hjá kæranda að iðnaðarsvæðið við Fellabæ sé skilgreint sem þéttbýlissvæði samkvæmt aðalskipulagi. Samkvæmt skilgreiningum í 1. tl. 6. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga sé svæðið ekki strjálbýli sbr. skilgreiningu Hagstofu Íslands og ekki séu lagalegar forsendur til að telja þéttbýlisskilgreiningu Hagstofu Íslands þýðingarmeiri en þéttbýlisskilgreiningu samkvæmt skipulagslögum þegar komi að því að beita undanþágureglu eins og 17. gr. a í raforkulögum. Iðnaðarsvæðið falli undir hluta Fellabæjar og því eigi ákvæði 2. tl. 6. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar ekki við þar sem vísað er til staða þar sem færri en 200 íbúar búa. Þá komi kostnaður af dreifingu einungis til skoðunar þegar fyrir liggir að um dreifbýlissvæði sé að ræða skv. 2. mgr. 17. gr. a sem eigi ekki við í þessu tilviki. Aðferðafræði RARIK sé ekki í samræmi við raforkulög en með því að líta til dreifingarkostnaðar við að skilgreina umfang dreifbýlissvæða sé unnt að fella jaðar þéttbýlissvæða hvarvetna undir dreifbýlisgjaldskrá. Með því geti RARIK viðhaldið dreifbýlisgjaldskrá á nýjum þéttbýlissvæðum. Fyrst þurfi að taka til skoðunar hvort svæði geti talist dreifbýli og því næst hvort ástæða sé til að nota dreifbýlisgjaldskrá á dreifbýlissvæði. Kostnaðarlegt mat eða fyrirkomulag spennistöðva RARIK verði ekki notað til að skilgreina skipulagt þéttbýlissvæði sem dreifbýli. Raforkulög feli ekki í sér heimild til að telja skipulagt þéttbýli sem dreifbýli. Fyllilega eðlilegt sé að iðnaðarsvæði liggja fjarri íbúabyggð og sú aðstaða viðurkennd í

Þéttbýlisskilgreiningu Hagstofu Íslands. Við skoðun afmörkunar dreifbýlisgjaldskráa RARIK, sbr. heimasíðu RARIK megi sjá að iðnaðarsvæði í útjaðri þéttbýlis séu víða felld undir þéttbýlisgjaldskrá.

IV. Athugasemdir Orkustofnunar og RARIK

Kæran var send Orkustofnun og RARIK til athugasemda þann 28. júní 2018. Athugasemdir bárust frá RARIK þann 23. júní 2018 og frá Orkustofnun þann 15. ágúst 2018.

1.

RARIK krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað. Dreifbýlisgjaldskrá sem gildi á lóðinni Ekkjufellsseli á athafnasvæði utan við Fellabæ sé sett í samræmi við lög og gildandi reglur.

Í 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga komi fram að dreifiveitum sé heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar sé sannarlega hærri en í þéttbýli. Framangreint ákvæði hafi verið útfært nánar í reglugerð nr. 1040/2012 um framkvæmd raforkulaga. Þar komi fram í 6. mgr. 25. gr. að dreifiveitum sé heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar sé sannarlega hærri en í þéttbýli. RARIK hafi sótt um til Orkustofnunar að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá á þeim svæðum sem falli undir 1. og 2. tl. 6. mgr. 25. gr. að undanskildum ákveðnum svæðum sem falli undir heimild í 7. mgr. sömu greinar.

RARIK bendir á að 7. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar geri sérstaklega ráð fyrir að heimilt sé að láta þéttbýlisgjaldskrá gilda á ákveðnum svæðum innan dreifbýlis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gagnálykta megi frá þessu ákvæði þannig að ekki sé heimilt að ákveða að láta þéttbýlisgjaldskrá gilda á dreifbýlissvæði ef ákveðið hafi verið að skilgreina slíkt svæði séu þau skilyrði ekki uppfyllt. Þar sem umrætt iðnaðarsvæði falli ekki innan skilgreiningar þessa ákvæðis líti RARIK svo á að óheimilt sé að ákveða að hafa þéttbýlisgjaldskrá á svæðinu.

Svæðið sem um ræði sé um einn km. frá þéttbýlissvæði Fellabæjar en í skilgreiningu Hagstofu Íslands sem vísað sé til í kæru sé miðað við að almennt séu innan við 200 metrar á milli húsa innan þéttbýlis. Skilgreining Hagstofu Íslands, sem vísað sé til í kæru, geri ráð fyrir því að byggt svæði hafi samtals 200 íbúa. Þar sem svæðið sem um ræði sé ekki samfellt með Fellabæ í framangreindum skilningi geti það ekki talist til þéttbýlis. Því falli svæðið innan þess svæðis sem dreifbýlisgjaldskrá gildi hvort sem litið sé til 1. eða 2. tl. 6. mgr. 25. gr. raforkulaga.

RARIK líti svo á að ef á annað borð sé ákveðið að setja dreifbýlisgjaldskrá skuli dreifbýlisgjaldskrá gilda á öllu því svæði sem sé skilgreint dreifbýli. Nánar tiltekið sé óheimilt að ákveða að þéttbýlisgjaldskrá gildi á öðrum svæðum en þeim sem falli utan 6. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar eða innan 7. mgr. sömu greinar. Í þessu ljósi verði að hafa í huga að raforkulög og heimildir til að setja gjaldskrá feli í sér ákveðna jöfnun á kostnaði við raforkunotkun. Það eigi við um gjaldskrár allra dreifiveitna. Það kosti t.d. mismikið að dreifa raforku til mismunandi raforkukaupanda á tilteknum taxta á höfuðborgarsvæðinu en gjaldskráin endurspeglir það ekki. Það eigi einnig við um dreifiveitusvæði annarra dreifiveitna. Sama eigi við um mismunandi þéttbýlisstaði innan RARIK og augljóslega mismunandi dreifbýlissvæði einnig.

Að mati RARIK hafi skilgreining skipulagslaga á þéttbýli takmarkaða þýðingu við túlkun á þéttbýli samkvæmt raforkulögum enda liggja fyrir nákvæmar skilgreiningar í reglugerð um framkvæmd raforkulaga á því hvernig skilgreina beri dreifbýli.

2.

Í umsögn Orkustofnunar eru málsatvik rakin. Kvartað hafi verið yfir því að dælustöð kæranda sé felld undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK skv. 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að Orkustofnun hafi áður borist erindi frá Fljótsdalshéraði þar sem óskað hafi verið eftir því að stofnunin tæki til skoðunar forsendur þess að RARIK væri heimilt að fella skipulagt atvinnu- og iðnaðarsvæði við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá og gerð var athugasemd við lögmati þess að iðnaðarsvæðið við Fellabæ væri skilgreint sem dreifbýlisgjaldskrársvæði skv. raforkulögum. Í máli Fljótsdalshéraðs hafi verið óskað eftir svörum um hvort RARIK hafi lagt fram gögn samkvæmt skipulagsáætlunum á þessu svæði svo og hvort RARIK hafi gert grein fyrir því hvernig dreifingarkostnaður raforku væri verulega umfram kostnað við dreifingu á öðrum iðnaðarsvæðum í Fellabæ, að teknu tilliti til raforkunotkunar.

Í svari RARIK, dags. 22. desember 2016, hafi komið fram að ekki hafi verið lögð fram gögn um landnotkun samkvæmt skipulagsáætlun á umræddu svæði. Þá hafi RARIK ekki gert grein fyrir hvernig dreifingarkostnaður væri verulega umfram kostnað við dreifingu á öðrum iðnaðarsvæðum í Fellabæ að teknu tilliti til raforkunotkunar. RARIK hafi hins vegar frá árinu 2014 lagt fram gögn sem sýni að meðaldreifikostnaður á kWh. sé verulega hærri á þeim hluta dreifiveitusvæðisins sem sé með dreifbýlisgjaldskrá.

Í hinni kærðu ákvörðun komi einnig fram að við mat á því hvort heimila eigi dreifiveitu að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá beri að líta til þeirra laga og reglugerða sem um málið gildi. Ennfremur að samkvæmt 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga sé dreifiveitu heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna

dreifingar sé sannarlega hærri en í þéttbýli. Samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðis. Í 6. – 8. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga sé tæmandi talið hvaða svæði geti talist dreifbýlissvæði og því geti Orkustofnun ekki litið til annarra þátta en þar komi fram við mat á því hvort heimila eigi dreifiveitu að halda sérstaka dreifbýlisgjaldskrá.

Jafnframt kemur fram í umsögn Orkustofnunar að stofnunin hafi eftirlit með tekjumörkum flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna í samræmi við 12. og 17. gr. raforkulaga. Tekjumörk séu ákvörðuð út frá rekstarkostnaði, arði og afskriftum fyrirtækisins á því svæði sem fyrirtækið hafi heimild Orkustofnunar til að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá. Að mati Orkustofnunar hafi iðnaðarsvæðið við Fellabæ uppfyllt skilyrði reglugerðarinnar um að geta fallið undir dreifbýli. Því hafi verið lagaskilyrði fyrir hendi til þess að fella svæðið undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK.

Hvað varðar málsástæður og lagarök bendir Orkustofnun á að í hinni kærðu ákvörðun komi fram að dreifiveitum sé heimilt að sækja um leyfi Orkustofnunar til að setja sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem sem kostnaður vegna dreifingar sé sannarlega hærri en í þéttbýli, sbr. 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skuli fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýni fram á að kostnaður til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra. Ákvæðið hafi fyrst komið inn með lögum nr. 89/2004 og segi í athugasemdum frumvarpsins að lagt sé til sambærilegt ákvæði um arðsemisviðmið dreifiveitna og lagt sé til um flutningsfyrirtækið í 7. gr. frumvarpsins. Lagt sé til að meginreglan verði sú að sama gjaldskrá gildi á öllu veitusvæði hvernar dreifiveitu. Þó sé lagt til að þar sem kostnaður við dreifingu í dreifbýli sé verulega umfram kostnað af dreifingu í þéttbýli, geti dreifiveitur sótt um heimild til Orkustofnunar til að hafa í gildi á dreifiveitusvæði sínu sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu í dreifbýli. Gert sé ráð fyrir að með slíkri umsókn þurfi að fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun viðkomandi svæðis, íbúafjölda þess og landnotkun samkvæmt gildandi skipulagsáætlun.

Með lögum nr. 19/2011 hafi raforkulögum verið breytt þar sem aðferðarfræði við setningu tekjumarka flutningsfyrirtækja og dreifiveitna hafi verið styrkt með það að markmiði að verðlagning taki mið af settum tekjumörkum. Heimild til sérstakrar gjaldskrár hafi verið færð í nýtt ákvæði 17. gr. a. Markmið með setningu tekjumarka sé að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim sé falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi og setji Orkustofnun dreifiveitum tekjumörk vagna kostnaðar við dreifingu raforku sbr. 17. gr. a. Tekjumörk skulu ákveðin fyrirfram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á grunnforsendum.

Orkustofnun bendir á að stofnunin hafi eftirlit með tekjumörkum flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Árlega skili dreifiveitur upplýsingum úr bókhaldsgögnum sem meðal annars eru notuð til að reikna út tekjumörk. Frá árinu 2004 hafi RARIK skilað gögnum vegna undirbúnings að ákvörðun tekjumarka. Í þeim gögnum hafi verið gerður greinarmunur á þéttbýli og dreifbýli. Samkvæmt þeim gögnum sé kostnaður í dreifbýli sannanlega hærri en í þéttbýli eins og kveðið sé á um í 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga. Að mati Orkustofnunar verði að skoða umrætt lagaákvæði með hliðsjón af þeim markmiðum sem ákvæði um setningu tekjumarka hafi á gjaldskrá dreifiveitna. Sé kostnaður vegna dreifingar sannanlega hærri á tilteknu svæði skuli Orkustofnun taka tillit til þess við ákvörðun tekjumarka og þá þeirrar gjaldskrár sem fyrirtækin setja í kjölfarið. Á þeim grundvelli ákvarði dreifiveitur gjaldskrá sem uppfylli tekjuramma samkvæmt bestu spá um notkun kerfisins.

Ákvæði 2. mgr. 17. gr. sé nánar útfært í 6.-8. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga þar sem í 1. og 2. tl. 6. mgr. 25. gr. séu sett frekari viðmið um útfærslu heimildar til sérstkrar dreifibýlissgjaldskrár. Segir í ákvæðinu m.a. að dreifiveitum sé heimilt að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifibýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar sé sannanlega hærri en í þéttbýli. Dreifibýlissvæði sem til greina koma séu svæði sem skilgreind séu sem strjálbýli samkvæmt Hagstofu Íslands auk húsa utan gatna á svæðum sem sýnd eru á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags svo og staðir þar sem færri en 200 manns búa og njóta ekki tengingar við flutningskerfi eða stofnkerfi.

Orkustofnun bendir á að ekkert deiliskipulag sé að finna fyrir lóð dælustöðvar kæranda en í deiluskipulagi sé sett fram stefna og áætlun bæjarstjórna um notkun svæða og einstakra lóða. Að mati Orkustofnunar sé ekkert sem bendi til annars en að umrætt svæði sé utan hins samliggjandi gatnakerfis Fellabæjar og flokkist þar af leiðandi sem hús utan gatna á svæðum sem sýnd séu á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags samkvæmt 1. tl. 6. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar. Í 7. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar sé að finna heimild fyrir því að láta almenna gjaldskrá gilda á tilteknum svæðum sem falli undir 1. og 2. tl. 6. mgr. og séu þar með skilgreind sem strjálbýl svæði en Orkustofnun telur að skilyrðin fyrir því að heimilt sé að láta almenna gjaldskrá gilda í strjálbýli ekki vera uppfyllt. Raforkunotkun iðnaðarsvæðisins við Fellabæ sé einungis 1,7 GWst., hvorki sé þar skilgreindur byggðarkjarni með 50 íbúum né iðnaðarsvæði með a.m.k. 10 notendum og hafnaraðstöðu og því falli iðnaðarsvæðið í Fellabæ ekki undir ákvæði reglugerðarinnar. Almenn gjaldskrá geti þar af leiðandi ekki átt við.

Kærandi telur nýja og breytta skilgreiningu Hagstofu Íslands á þéttbýli fela í sér að iðnaðarsvæði teljist til hluta þéttbýlis Fellabæjar og falli þar af leiðandi undir þéttbýlisskilgreiningu Hagstofu Íslands. Umrædd skilgreining Hagstofu Íslands vísi til landnotkunar samkvæmt skipulagsáætlun. Orkustofnun bendir á að ákvæði skipulagslaga hafi að geyma fyrirmæli um

aðgreiningu byggða eftir notkun landsvæða. Slík skipulagsvinna fari ekki endilega fram með tilliti til ákvæða laga um dreifingu raforku né þeim skyldum sem raforkulög setji dreifveitum til þess að afhenda raforku og tengja þá sem eftir því óska við raforkuflutningskerfið. Það gangi gegn markmiðum raforkulaga ef sveitarfélög geti bundið hendur dreifiveitu varðandi kostnaðarliði þeirrar þjónustu sem dreifiveitu sé skyld að inna af hendi með breytingum á aðalskipulagi.

Að mati Orkustofnunar hafi því breytt skilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýli takmarkað vægi þegar meta eigi hvort svæði falli undir skilgreiningu reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga á dreifbýlissvæðum. Telur Orkustofnun við úrlausn þessa ágreiningsefnis um hvort viðkomandi svæði sé innan þéttbýlis eða dreifbýlis, beri að leggja til grundvallar ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 en ekki skilgreiningu skipulagslaga nr. 123/2010, né aðalskipulag sem viðkomandi sveitarfélögum er skylt að gera á grundvelli þeirra og kærandi vísaði til.

Raforkulög séu sérlög sem ætlað er að gilda á tilteknu réttarsviði og samkvæmt almennum lögskýringarvenjum þoki almennu lögin fyrir sérlagaákvæðum ef þeim ber ekki saman. Af því leiðir að engu skipti varðandi niðurstöðu málsins hvort umrætt svæði sé skilgreint sem þéttbýli samkvæmt aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs. Líta verði til þeirra og laga og reglugerða sem um málið gilda og sérstaklega 6. mgr. 25. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Því til stuðnings megi vísa til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 6/2009 gegn Íslandspósti, þar sem deilt var um mörk þéttbýlis og dreifbýlis varðandi staðsetningu bréfabakassa.

Orkustofnun ítrekar loks að hin kærða ákvörðun hafi byggst á lögumtæm sjónarmiðum sem samræmist vel þeim hagsmunum sem raforkulögum sé ætlað að vernda. Í ljósi ofangreinds sé það niðurstaða Orkustofnunar að staðfesta beri hina kærðu ákvörðun.

V. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar og RARIK

1.

Umsögn Orkustofnunar var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 16. ágúst 2018. Í athugasemdum kæranda frá 20. september 2018 kemur fram að með þeirri nálgun sem Orkustofnun setji fram sé alltaf hægt að réttlæta að nýbyggingarhverfi í jaðri þéttbýlis falli undir dreifbýlisgjaldskrá. Uppbygging spennistöðva hafi í raun komið til eftir upphaflega afmörkun dreifbýlisgjaldskrársvæðis í kringum árið 2004 og hafi verið gerð með tilliti til skipulagsákvæðana um uppbyggingu á svæðinu og fyrirætlana um frekari fjölgun notenda. Þó

notendur hafi ekki verið mjög margir sé um mikla notkun að ræða og ósannað sé að það feli í sér óhagkvæmari dreifingu en í þéttbýli eða hverfum í uppbyggingu almennt. Kærandi bendir á að umfjöllun 7. mgr. 25. gr. reglugerðar hafi ekki þýðingu fyrir mál þetta. Þar sé fjallað um undanþágur frá þeirri undanþágu sem felist í því að heimilt er að hafa dreifbýlisgjaldskrá á vissum svæðum. Sjónarmið kæranda hvíli á því að ekki séu til staðar grunnskilyrði þess að svæðið við Fellabæ falli undir dreifbýlisgjaldskrá og þar af leiðandi hafi 7. mgr. 25. gr. ekki þýðingu.

Þá hafnar kærandi þeim sjónarmiðum Orkustofnunar að staða raforkulaga sem sérlaga leiði til þess að ekki beri að líta til skipulagslaga og breyttrar skilgreiningar Hagstofu á þéttbýli. Lögskýringargögn með raforkulögum hafi beinlínis vísað til þess að líta ætti til skipulagsáætlana og skilgreiningu Hagstofu. Orkustofnun hafi í framkvæmd látið hjá líða að horfa til þessara þátta þegar orkufyrirtæki hafi lagt fram óskir um dreifbýlisgjaldskrá.

2.

Umsögn RARIK barst nefndinni þann 18. febrúar 2019 en hún hafði misfarist við formannsskipti í nefndinni í júlí árið 2018 og var hún send kæranda til upplýsingar sama dag. Kærandi taldi ekki ástæðu til að koma að frekari athugasemdum.

VI. Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um hvort skilyrði ákvæða 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga hafi verið uppfyllt fyrir að heimila dreifbýlisgjaldskrá RARIK á iðnaðar- og atvinnusvæði Fellabæ og fella þar með kyndistöð kæranda á lóðinni Ekkjufellsseli 3, í Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK.

Kærandi krefst ógildingar á hinni kærðu ákvörðun Orkustofnunar frá 13. febrúar 2018 og að staðfest verði að RARIK hafi verið óheimilt að fella iðnaðar- og athafnasvæðið við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá. Byggir kærandi m.a. kröfu sína á því að umrætt svæði geti ekki fallið undir skilgreiningu á dreifbýli lögum samkvæmt og því sé ekki rétt að afmarka umrætt svæði með þeim hætti að dreifbýlisgjaldskrá eigi við. Til vara er þess krafist að hin kærða ákvörðun Orkustofnunar sem birtist í bréfi dags. 13. febrúar 2018 verði felld úr gildi og úrskurðarnefndin feli Orkustofnun að taka málið til afgreiðslu á nýjan leik.

Af hálfu Orkustofnunar er á því byggt að iðnaðar- og athafnasvæðið við Fellabæ falli ekki undir ákvæði raforkulaga og reglugerðar um þéttbýlisgjaldskrá heldur uppfylli það ákvæði um dreifbýlisgjaldskrá. Frá árinu 2004 hafi RARIK skilað inn gögnum vegna undirbúnings að ákvörðun tekjumarka og þar hafi verið gerður greinarmunur á þéttbýli og dreifbýli. Samkvæmt

þeim gögnum sé kostnaður í dreifbýli sannanlega hærri en í þéttbýli eins og kveðið er á um í raforkulögum nr. 65/2003 að séu forsendur fyrir sérstakri dreifbýlisgjaldskrá í dreifbýli.

Rétt er að mati nefndarinnar að skoða nánar ákvæði raforkulaga og reglugerðar um framkvæmd raforkulaga og varða mál þetta.

1.

Í VI. kafla raforkulaga nr. 65/2003 er fjallað um dreifingu raforku. Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði, sbr. 13. gr. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Um tekjumörk dreifiveitna er fjallað í 17. gr. raforkulaga og um gjaldskrá dreifiveitu í 17. gr. a. laganna. Með tekjumörkum er átt við hámark leyfilegra árlegra tekna dreifiveitna til að mæta kostnaði. Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tilliti til lögbundinnar arðsemiskröfu. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri dreifiveitu eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil. Það er svo Orkustofnunar að setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku skv. 2. mgr. 17. gr. laganna.

Ákvæði 17. gr. a fjallar um gjaldskrá dreifiveitna. Hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hvernar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230 – 400 V spennu, sbr. 1. mgr.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli samkvæmt 17. gr. a í raforkulögum. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra, sbr. 2. mgr. 17. gr. a.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja vikna frá

móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega, sbr. 3. mgr. 17. gr a laganna.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar, sbr. 2. mgr. 17. gr. raforkulaga. Við setningu tekjumarka skuli skv. 2. mgr. 17. gr. taka tillit til kostnaðar vegna reksturs og fjárfestinga. Þá skulu tekjumörkin ákveðin út frá tilteknum viðmiðunum sem lúta m.a. að rekstrarkostnaði, arðsemi dreifiveitu, afskriftum og sköttum, sjá nánar 3. mgr. 17.gr.

Nánar er kveðið á um gjaldskrá vegna dreifingar raforku í reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040 frá 2005 og um skyldu dreifiveitu til að setja gjaldskrá í samræmi við tekjumörk. Í 6. og 8. mgr. 25. gr. er fjallað um þau dreifbýlissvæði sem koma til greina þegar dreifiveita sækir um heimild til sérstakrar gjaldskrár fyrir þau. Þau svæði sem til greina koma eru í fyrsta lagi svæði sem skilgreind eru sem strjálbýli samkvæmt Hagstofu Íslands auk húsa utan gatna á svæðum sem sýnd eru á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags. Í annan stað staðir þar sem færri en 200 manns búa og njóta ekki tengingar við flutningskerfi eða stofnkerfi. Stofnkerfi teljast í þessu samhengi kerfiseiningar dreifiveitu sem þjóna bæði innanbæjarkerfum og sveitakerfum. Innan dreifbýlissvæða er dreifiveitu heimilt að láta almenna gjaldskrá gilda á ákveðnu svæði enda sé annað tveggja skilyrða uppfyllt. Annars vegar að svæðið sé skilgreint sem byggðarkjarni samkvæmt Hagstofu Íslands með a.m.k. 50 íbúum, fjarlægð frá afhendingarstað flutningsfyrirtækisins sé innan við 10 kílómetrar og heildarraforkunotkun á svæðinu sé a.m.k. 8 GWst á ári. Hins vegar að svæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði með a.m.k. 10 notendur og hafaraðstöðu, fjarlægð frá afhendingarstað flutningsfyrirtækisins sé innan við 10 kílómetrar og heildarraforkunotkun á svæðinu sé a.m.k. 8 GWst. á ári.

Skilyrði fyrir heimild til séstakrar dreifbýlisgjaldskrár er að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Og með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notanda á svæðinu sé hærri en til annarra. Skv. reglugerðinni gildir leyfi Orkustofnunar fyrir dreifbýlisgjaldskrá í 3 ár, jafn lengi tekjumörkum skv. 10. gr. reglugerðarinnar. Síðan segir að við setningu nýrra tekjumarka beri að fjalla að nýju um forsendur dreifbýlisgjaldskrár og ber þá dreifiveitu að skila inn gögnum skv. reglugerðinni.

2.

Af ákvæðum raforkulaga má sjá að almennt er gert ráð fyrir að á hverju dreifiveitusvæði sé ein gjaldskrá. Að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum er heimilt að setja svokallaða dreifbýlisgjaldskrá. Kærandi telur að skilyrðum raforkulaga fyrir setningu dreifbýlisgjaldskrár hafi ekki verið uppfyllt þegar Orkustofnun hafi samþykkt dreifbýlisgjaldskrá RARIK á iðnaðar- og athafnasvæðinu við Fellabæ.

Forsaga þessa máls er sú að þann 6. desember 2004 veitti Orkustofnun RARIK heimild til skiptingar gjaldskrár á dreifiveitusvæði sínu og hafa í gildi tvær gjaldskrár fyrir dreifingu raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Leyfið byggði á umsókn þess efnis, sbr. 17. gr. raforkulaga með síðari breytingum.

Með bréfi dags. 18. desember 2015 og með vísan í 17. gr. a í raforkulögum sótti RARIK um áframhaldandi leyfi til að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá á dreifiveitusvæði sínu á næsta tekjumarkatímabili en yfirstandandi tekjumarkatímabil tekur til áranna 2016-2020.

Í hinni kærðu ákvörðun er, eins og fram hefur komið, vísað til máls Fljótsdalshéraðs um sama ágreining. Þar sem niðurstaða þess máls er lögð til grundvallar niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar er rétt að rekja mál Fljótsdalshéraðs nánar. Þann 24. nóvember 2016 óskaði Fljótsdalshérað eftir því að Orkustofnun tæki til skoðunar forsendur þess að RARIK væri heimilt að fella atvinnu- og iðnaðarsvæði við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá fyrirtækisins. Áður en Orkustofnun svaraði erindi Fljótsdalshéraðs leitaði stofnunin eftir áliti RARIK og vísaði til 2. mgr. 17. gr. raforkulaga um að heimild til að hafa sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýlissvæði skuli byggja á gögnum um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkmoandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra. Óskaði Orkustofnun eftir að RARIK legði fram þessi gögn fyrir það svæði sem sú gjaldskráin byggði á svo og upplýsingar um landfræðilega afmörkun á því svæði þar sem dreifbýlisgjaldskrá RARIK er í gildi en RARIK hafði einungis lagt fram upplýsingar um þá staði þar sem þéttbýlisgjaldskrá er í gildi. Þá var í erindi Orkustofnunar einnig óskað eftir því hvernig mat sem sýndi fram á að dreifingarkostnaður raforku væri sannanlega hærri í dreifbýli en þéttbýli færi fram hjá fyrirtækinu. Loks óskaði stofnunin eftir afstöðu RARIK til þess hvort lagaskilyrði væru fyrir hendi til það fella umrætt atvinnu- og iðnaðarsvæði við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá fyrirtækisins.

RARIK svaraði erindi Orkustofnunar með bréfi dags. 22. desember 2016. Þar kemur fram að umsókn RARIK frá 18. desember 2015 hafi falið í sér umsókn um áframhaldandi heimild til að hafa sérstaka gjaldskrá í dreifbýli fyrir allt dreifiveitusvæði RARIK að frátöldum þeim stöðum sem hafi þéttbýlisgjaldskrá og voru taldir upp í fylgiskjali.

Orkustofnun féllst á með RARIK í bréfi dags. 7. febrúar 2017 að iðnaðarsvæðið við Fellabæ félli undir þann hluta dreifiveitusvæðis RARIK þar sem Orkustofnun hefði heimilað fyrirtækinu að hafa dreifbýlisgjaldskrá. Jafnframt að stofnunin gerði ekki athugasemdir við þær upplýsingar sem RARIK sendi stofnuninni með bréfi frá 22. desember 2016. Gaf Orkustofnun Fljótshálsa kost á að koma að athugasemdum og í athugasemdum frá 24. febrúar 2017 bendir Fljótshálsa á að Orkustofnun hafi lagt tillögur RARIK um dreifbýlisgjaldskrá athugasemdalaust til grundvallar, jafnvel þótt tilskilin gögn hafi ekki fylgt umsókn. Er ítrekað að Orkustofnun skýri efnislega forsendur að baki staðfestingu stofnunarinnar á mörkum dreifbýlisgjaldskrárinnar m.a. með hliðsjón af því að Orkustofnun hafi staðfest dreifbýlisgjaldskrá RARIK innan þéttbýlismarka án þess að gætt hafi verið að réttum lagasjónarmiðum að baki slíkri heimild. Ekki hafi verið litið til gagna sem lög gera ráð fyrir að skuli lögð fram eða tekið tillit til breytinga frá því að upphafleg mörk dreifbýlisgjaldskrár voru sett.

Orkustofnun svaraði athugasemdum Fljótshálsa með bréfi 27. júní 2017 þar sem stofnunin ítrekar að hún telji að iðnaðarsvæðið við Fellabæ uppfylli skilyrði reglugerðarinnar og því falli svæðið undir þann hluta dreifiveitusvæðis RARIK þar sem stofnunin hafi heimilað fyrirtækinu að hafa dreifbýlisgjaldskrá. Kemur fram í því bréfi að Orkustofnun telji það ekki hafa áhrif á niðurstöðu málsins að RARIK hafi ekki skilað inn gögnum um landnotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði fyrirtækisins. Stofnunin muni engu að síður endurskoða verklag við staðfestingu dreifbýlisgjaldskrársvæða í framtíðinni.

3.

Með bréfi kæranda til Orkustofnunar sem dagsett er 4. október 2017 var óskað eftir því við Orkustofnun að hún taki til skoðunar forsendur þess að RARIK sé heimilt að fella umrætt iðnaðarsvæði við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá sína. Eftir atvikum verði heimildin endurskoðuð á grundvelli endurupptökuheimilda fyrirtækisins eða, í öllu falli ekki endurnýjuð. Taldi Orkustofnun í bréfi sínu dags. 13. febrúar 2018 að ekki hafi verið lagðar fram nýjar málsástæður eða rök sem séu til þess fallin að breyta afstöðu Orkustofnunar í máli Fljótshálsa þannig að niðurstaða hennar varðandi umrætt gjaldskrársvæði er óbreytt. Stofnuni líti svo á að RARIK hafi heimild að lögum til að fella iðnaðar- og athafnasvæðið undir dreifbýlisgjaldskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. a raforkulaga skulu með umsókn dreifiveitu um skiptingu gjaldskrár fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra. Meginreglan er sú að ein gjaldskrá skuli gilda á dreifiveitusvæði og að sækja þufi

um sérstakt leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þegar kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli, sbr. 2. mgr. 17. a og eru lögín skýr hvað þetta varðar. Gera lögín ráð fyrir því jafnframt að tekjumörk skuli ákveðin út frá tilteknum viðmiðum, sbr. 3. mgr. 17. gr., en gjaldskrá dreifiveitu skal sett í samræmi við tekjumörk skv. 1. mgr. 17. gr. a. Sjónarmið að baki þessu lúta meðal annars að því að skipan byggða getur breyst og mikilvægt er við ákvörðun gjaldskrársvæða að hafa hliðsjón af markmiðum laganna, m.a. um að kostnaður vegna dreifingar sé sýnilegur notandum. Heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár er því byggð á samþykki Orkustofnunar.

Að mati nefndarinnar þarf því að skoða hvort samþykki Orkustofnunar á umsókn RARIK hafi uppfyllt skilyrði raforkulaga. Í 17. gr. a raforkulaga er tilgreint hvaða gögn skuli fylgja umsókn dreifiveitu um sérstaka dreifbýlisgjaldskrá. Þau gögn sem upp eru talin eru upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra. Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Orkustofnun. Telji Orkustofnun framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði raforkulaga eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Fram er komið að með umsókn RARIK frá 18. desember 2015 hafi vantað upplýsingar um landnotkun svæðisins, sbr. bréf Orkustofnunar frá 27. júní 2017 auk þess sem ekki var að finna gögn með umsókninni sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda væri hærri en til annarra. Um þetta vísast til svarbréfs RARIK til Orkustofnunar frá 22. desember 2016 vegna dreifingar raforku innan Fljótsdalshéraðs en þar kemur fram að RARIK hafi hvorki lagt fram gögn um landnotkun né heldur gert grein fyrir því hvernig dreifikostnaður raforku er verulega umfram dreifingu á öðrum iðnaðarsvæðum í Fellabæ að teknu tilliti til raforkunotkunar. Nefndin lítur svo á að þetta stangist á við 2. mgr. 17. gr. a í raforkulögum. Bar Orkustofnun því að gera athugasemd við framlagða dreifbýlisgjaldskrá RARIK þar sem tilskilin gögn höfðu ekki fylgt umsókn og var stofnuninni þegar af þeirri ástæðu ekki rétt að heimila hana.

4.

Ákvörðun Orkustofnunar, dags. 13. febrúar 2018, um að synja því að endurskoða fyrri afstöðu sína um leyfi til að fella skipulagt atvinnu- og iðnaðarsvæði við Fellabæ undir dreifbýlisgjaldskrá er felld úr gildi og stofnuninni gert að taka málið til afgreiðslu og meðferðar að nýju.

Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun Orkustofnunar, dags. 13.febrúar 2018, er felld úr gildi.



Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Formaður



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir



Ragnar Jóhann Jónsson